

SSF-blaðið



SAMTÖK
STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

01 TBL. | 27 ÁRG. | FEB. 2023

Í FORYSTU Á UMBREYTINGATÍMUM

BLS. 10





AÐ LOKNUM SAMNINGAVIÐRÆÐUM

SSF hefur nú lokið gerð skammtímasamnings sem gildir til loka janúar 2024. Eins og fram hefur komið var samningurinn samþykktur naumlega í atkvæðagreiðslu þar sem 82% félagsmanna tóku þátt.

BLS. 4

48. ÞING SSF

48. Þing SSF var haldið dagana 17.-18. mars 2022 að Hótel Selfossi. Fráfarandi formaður SSF gat því miður ekki mætt til þings þar sem hann var smitaður af Covid19. Ari Skúlason varaformaður SSF flutti formannsraðuna á þinginu.

BLS. 6

KJARASAMNINGAR SSF

BLS. 9



Í FORYSTU Á UMBREYTINGATÍMUM

Við setjumst niður á skrifstofu Friðberts Traustasonar, framkvæmdastjóra Samtaka starfsmanna fjármála-fyrirtækja (SSF), sem hætti sem formaður SSF á síðasta þingi samtakanna eftir áratuga baráttu í forystu samtakanna.

Við ræðum við Friðbert um farinn veg, kjarabaráttuna og framtíð SSF.

BLS. 10

TRÚNAÐARMANNA- OG FORMANNAFUNDIR

Fræðsla trúnaðarmanna hefur verið mikilvægur þáttur í starfsemi SSF alla tíð. Covid hefur hinsvegar gert okkur erfitt fyrir á undanförunum árum, en við leggjum áherslu á að hittast á þessum námskeiðum, þar sem mikilvægt er að hitta mann og annan og kynnast betur.

BLS. 15



LÍFEYRISMÁLIN SKIPTA OKKUR ÖLL MÁLI

Lífeyrismál og lífeyrisréttindi er eitthvað sem flestir átta sig á að skiptir miklu máli, en engu að síður er oft lítill áhugi á því framan af ævinni að sökkva sér niður í þau, áhuginn kemur oft ekki fyrr en það hillir í að starfsferli ljúki.

BLS. 16



ÁTAKSVERKEFNI MENNTUNARSJÓÐS SSF HELDUR ÁFRAM

Á 47. þingi SSF árið 2019 var samþykkt að fara í átaksverkefni sem standa skyldi að minnsta kosti í 3 ár, frá og með sumarönn 2019. Tilgangur verkefnisins miðaði að því að opna tækifæri fyrir félagsfólk innan SSF að bæta við sig þekkingu annað hvort tengt vinnunni, eða bara til að læra eitthvað allt annað og vera þar með betur í stakk búið til að takast á við ný verkefni í því umhverfi sem félagsfólk SSF vinnur og býr við í dag.

BLS. 18

ÞESS VEGNA ER BETRA AÐ VERA FÉLAGI Í SSF

Í ljósi frumvarps sem sjálfstæðismenn hafa lagt fram á Alþingi um breytingar á lögum um Stéttarfélög og vinnudeilur er rétt að árétta nánar og fjalla um þau réttindi og kjör sem félagsmenn verkalýðsfélaga tryggja sér með aðild að öflugu stéttarfélagi eins og Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF). Þeir sem standa utan stéttarfélaga hafa ekki þessi réttindi, styrki og aðstoð félaganna.

BLS. 19



RITSTJÓRNARUPPLÝSINGAR

Útgefandi: Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja - SSF
Ábyrgðarmaður: Friðbert Traustason, framkvæmdastjóri SSF
Viðtal við Friðbert: Ragnar Sigurðsson
Ritstjórni: Margrét Bragadóttir
Umbrot og prentun: Prentmet Oddi
Skrifstofa SSF: Nethyl 2E, 2 hæð, 110 Reykjavík
Sími: 540 6100 | Vefur: www.ssf.is | Netfang: ssf@ssf.is

AÐ LOKNUM SAMNINGAVIÐRÆÐUM

Ari Skúlason, formaður SSF



SSF hefur nú lokið gerð skammtímasamnings sem gildir til loka janúar 2024. Eins og fram hefur komið var samningurinn samþykktur naumlega í atkvæðagreiðslu þar sem 82% félagsmanna tóku þátt.

Samningaviðræðurnar voru mjög lærdómsríkar að mörgu leyti. Strax síðastliðið haust reyndi SSF að fá viðræður við bankana um innri málefni sem samninganefnd fannst skynsamlegt að hafa snert á áður en til hefðbundinna samningaviðræðna kæmi. Samninganefnd SSF fékk aldrei svar við þeim beiðnum fyrr en í lokin að svar barst frá SFF þess efnis að SA myndi leiða kjaraviðræður.

Í ljósi fálætis og áhugaleysis bankanna ákvað stjórn SSF að vísa málinu strax til Sáttasemjara. Þegar viðræður hófust þar lá þegar fyrir að nær allur almenni vinnumarkaðurinn var búinn að gera skammtímasamning til eins árs og að það yrði líka rammi fyrir SSF.

Það var því strax ljóst að fátt yrði rætt í viðræðum annað en launamál. Þar rakst samninganefnd SSF


strax á tvo veggj. Í fyrsta lagi voru bankarnir ekki til í að huga sérstaklega að hækkingun lægstu launa líkt og gert hafði verið í þeim samningum sem voru fyrirmynd. Lægstu laun félagsmanna SSF hækkuðu því um sömu prósentu og önnur laun, eða 6,75% sem þýðir um kr. 28.860 hækkingun, eða um 44% af hámarkshækkingun launa. Í þeim samningum sem samninganefnd SSF hafði til hliðsjónar var alls staðar um meiri hækkingun lægstu launa að ræða en annarra og þar sáust tölur vel yfir 10%.

Í öðru lagi stóð samninganefnd SSF frammi fyrir þaki eða hámarkshækkingun upp á 66 þús. kr. Þakið þýðir að allir með hærri laun en u.þ.b. 980 þús. kr. fá minni prósentuhækkingun en þeir sem lægri eru. Það lá fyrir að eitt aðildarfélag SA, Félag ráðgjafarverkfræðinga, hafði samið um launahækkanir án þaks og það fór samninganefnd SSF fram á. Því var hafnað eins og öðru. Að mati samninganefndar SSF beinist þetta þak nær einungis að félagsmönnum SSF. Gerð var tilraun til þess að ná fram 20 mínútna styttingu á vikulegum vinnutíma en

HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR LAUNAKÖNNUN SSF ÞAR SEM TÆP 80% FÉLAGSFÓLKS TÓK ÞÁTT?

Skoðaðu niðurstöður á heimasíðu undir liðnum SSF/útgáfa.

Á bls. 45-47 og 173-181 má sjá glögga mynd af launum, dreifingu þeirra og stöðu ákveðinna hópa.



slíku var algerlega hafnað. Sama má segja um viðleitni samninganefndar SSF að ná fram 2% hækkun á framlagi í samtryggingarlífeyrissjóð.

Samningaviðræðurnar voru mjög erfiðar. Samninganefnd SSF gekk sífellt á sama vegginn og sáttaviðleitni gagnaðilans var engin. Framkoma samninganefndar bankanna var með þeim hætti að það er einróma álit samninganefndar SSF að gott og kurteislegt andrúmsloft í viðræðum aðila sé fyrir búi. Að mati samninganefndar SSF er augljóst að gagnvart samninganefnd bankanna næst ekkert fram nema með átökum.

Samninganefnd SSF gerði sér grein fyrir því allan tímann að mjög mjótt yrði á munum við mögulega atkvæðagreiðslu samnings. Samninganefnd SSF tók að lokum þá ákvörðun að undangengnum fundi með formönnum aðildarfélaganna SSF að gera kjarasamning sem byggðist að hluta á afarkostum samninganefndar bankanna. Samninganefnd SSF vildi gefa félagsmönnum kost á að greiða atkvæði um launaliði og hafnaði öðrum atriðum sem voru í öðrum samningum, t.d. viðræðum um ákveðin atriði á samningstímabilinu. Eftir árangurslausar viðræður í þrjár vikur hafði samninganefndin enga ástæðu til að ætla að samræður á samningstíma skiluðu nokkrum árangri.

Þið þekkið öll söguna um framhaldið. Samningurinn var naumlega samþykktur með gífurlega mikilli þátttöku í atkvæðagreiðslu. Um 1.200 manns sóttu kynningar á samningnum á „teams“ og voru umræður þar mjög líflegar. Það er algerlega ljóst að þeir sem samþykktu samninginn gerðu það ekki með gleði í hjarta og allir félagsmenn gera sér grein fyrir því að þarna var um afarkosti að ræða.

Andrúmsloftið í viðræðunum var slæmt. Samningurinn var undirritaður í tveimur aðskildum herbergjum. Slíkt hefur aðeins einu sinni gerst hjá Ríkissáttasemjara, en oft verið beðið um það. Í þetta skipti þótti við hæfi að verða við kröfunni um að hafa ekki sameiginlega undirskrift. Í samræmi við það voru heldur engar vöflur bakaðar.

Það er niðurstaða samninganefndar SSF að í þessum viðræðum hafi orðið endir á hefðbundnum vinsamlegum samskiptum aðila við gerð kjarasamninga. Það er líka niðurstaða okkar að bankarnir muni ekki hreyfast og breyta um afstöðu nema undir verulegum þrýstingi, t.d. verkfallsboðun. Eftir frábæra þátttöku í atkvæðagreiðslu og kynningum er samninganefnd SSF heldur ekki í vafa um að félagsmenn SSF eru baráttuglaðir og séu til í átök ef svo ber undir. Það er því nokkuð ljóst að SSF mun ganga sameinað og af fullum krafti til næstu samningaviðræðna.



ERT ÞÚ AÐ FYLGJA OKKUR Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM?



Allir þekkjá orðið heimasíðu SSF, www.ssf.is, en þar er að finna allt sem þú vilt vita um stéttarfélagið en þorðir ekki að spyrja.

En vissir þú af fésbókarsíðunni okkar eða Instagram?

Rúmlega 2700 fylgja okkur á fésbókinni svo einhver hundruð vantar upp á að allir félagsmenn fylgi síðunni.

Instagram aðdáendur eru færri svo betur má ef duga skal.

Við hvetjum ykkur því eindregið til að fylgja okkur á þessum miðlum og “læka” og “elta” okkur þar.

Þið finnið okkur með því að setja inn “SSF” í leitina.



48. ÞING SSF



48. þing SSF var haldið dagana 17.-18. mars 2022 að Hótel Selfossi. Fráfarandi formaður SSF, Friðbert Traustason, gat því miður ekki mætt til þings þar sem hann var smitaður af Covid19. Ari Skúlason varaformaður SSF flutti formannsræðuna á þinginu. Hann fór yfir almenna stöðu kjaramála félagsins og horfur í þjóðarbúskapnum í kjölfar samdráttar sem fylgdi Covid19, lokun fyrirtækja og almennt töfum í allri framleiðslu og þjónustu í heiminum. Félagsmönnum hafði enn fækkað frá síðasta þingi úr 3800 niður í 3600.

Ari lagði mikla áherslu á samtakamátt félagsins og sagði m.a.

„Stéttarfélagið okkar er að mörgu leyti einstakt og ekki aðili að regnhlífarsamtökum, svo sem ASÍ eða BHM. Það sem gerir stéttarfélagið einstakt er sú heillaþróun að allir starfsmenn fjármálafyrirtækjanna, aðrir en æðstu stjórnendur, eru félagsmenn í einu og sama stéttarfélagi. Við tökum öll réttindi og kjör okkar samkvæmt sama kjarasamningi óháð því hvaða starfi við gegnum og einnig

óháð menntun okkar eða öðrum bakgrunni.

Að sjálfsögðu eru launakjör félagsmanna misgóð enda bakgrunnur svo sem menntun og reynsla ólíkur. En réttindi svo sem veikindaréttur, orlofsréttur, lífeyrisréttur, tryggingar, fæðingarorlof, aðgangur að sjóðum SSF og annar grundvallarréttur byggir á sameiginlegum kjarasamningi. Þessi tilhögun er heillavænleg fyrir alla félagsmenn SSF og einnig fyrir fyrirtækin, sem félagsmenn SSF vinna hjá.“

Í lokin minnti Ari á að öll réttindi íslensks launafólks eru tilkomin fyrir sameinaða baráttu félagsmanna verkalýðsfélaganna. Engin þeirra þóttu sjálfsögð eða voru sett í lög fyrr en eftir áralanga baráttu félagsmanna, sem kostaði blóð, svita og tár. Þetta á við um veikindarétt, lífeyrisgreiðslur, orlof, vinnutíma, tryggingar, fæðingarorlof, menntunarsjóði, styrktasrsjóði, mötuneyti, sumarhús og margt, margt fleira sem þykja sjálfsögð réttindi í dag. Þessi réttindi þarf stöðugt að standa vörð um og verja því allt eru þetta réttindi sem metin eru til heildarkjara þegar að kjaraviðræðum kemur hverju sinni.



Fjárhagsnefnd



Fræðslunefnd

48. ÞING KJARANEFND

Kjaranefndin lagði höfuðáhersluna á að laun tækju prósentuhækkun við gerð næstu kjarasamninga (nóvember 2022) en ekki krónutöluhækkun eins og samið var um 2019. Nefndarmenn voru sammála um að sú tilraun sem gerð var 2019 að hækka mest lægri laun á vinnumarkaði hefði ekki tekist sem skyldi þar sem Ríkið hefði samið við hluta sinna starfsmanna (BHM-ríki) umfram almenna markaðinn og þannig eyðilagt þessa krónutölu-tilraun.

Kjaranefndin ályktaði einnig um að grein 2.7.1 um „fastlaunasamninga“ verði tekin upp og öll ákvæði hennar skerpt og betur skýrt hver vinnutími að baki fastlaunum skuli vera mánaðarlega.

Áfram verði unnið að styttingu vinnutíma án þess að skerða mikið neyslulé (30 mín mat + 20 mín kaffi) og framlag fyrirtækja í samtryggingarlífeyrissjóð

verði hækkað úr 6% í 8% án skerðingar framlags í séreignarsjóð.

48. ÞING ALLSHERJARNEFND I OG II

Allsherjarnefnd fjallaði mikið um fjarvinnu (heimavinnu) og ítrekaði að fyrirtækin og starfsmenn verði í samvinnu að setja fram markmið um fjarvinnustefnu. Tryggja verður að starfsmenn verði jafnsettir í fjarvinnu sem staðvinnu hvað varðar aðbúnað, hollustuhætti, kostnað og öryggi við störf sín. Einnig að fyrirtækin greiði allan kostnað sem starfsmenn leggja fram við heimavinnu, svo sem starfsstöð, hita og rafmagn, nettengingu og mat. Vinnueftirlitið og SA hafa sett fram leiðbeiningar og sniðmát sem samningsaðilar geta nýtt sér við gerð markmiða og reglna um fjarvinnu.



Kjaranefnd



Allsherjarnefnd I

Þing SSF samþykkti einnig stefnumótun fyrir starf SSF næstu þrjú árin, en unnið hafði verið að undirbúningi hennar fyrir þingið.

48. ÞING FRÆDSLUNEFND

Stefnt er að því að SSF-blaðið verði að mestu á raf-rænu formi, en alltaf verði nokkur eintök blaðsins prentuð til að varðveita sögu SSF og halda utan um mikilvægar ákvarðanir samtakanna hverju sinni (allt eldra efni á www.timarit.is). Mikilvægt er að nýta samfélagsmiðla til þess að koma á framfæri upplýsingum til félagsmanna hratt og vel, og auka þannig sýnileika samtakanna. Útgáfuáætlun verði gerð fyrir þrjú ár í senn og gerð hennar stýrt af Útgáfunefnd SSF, sem skipuð er 3-4 stjórnarmönnum SSF.

48. ÞING FJÁRHAGSNEFND

Fjárhagsnefnd lagði til að félagsgjald til SSF yrði óbreytt, 0,7% af launum upp að hámarki 4.600 kr./

mánuði. SSF á ágætan varasjóð sem hægt er að nýta ef félagsmönnum fækkar enn og tekjur félagsins til rekstrar minnkar verulega og því ekki ástæða til að taka hærra gjald en hámarkið hverju sinni. Laun stjórnar eru óbreytt.

Eignir Vinnudeilusjóðs eru nú um einn milljarður, en þar að auki hafa samtökin aðild að sameiginlegum vinnudeilusjóði Norrænu samtakanna (NFU) og geta sótt þangað 1,5 milljarð (án sérstakra samþykta NFU) ef SSF þarf á þeirri aðstoð að halda.

Starfsmenn á skrifstofu SSF eru áfram þrír og sinna öllu daglegu starfi samtakanna. Bent er á að samtök af svipaðri stærð eru almennt með 5-8 starfsmenn á skrifstofu, enda eru félagsgjöld þar mun hærri en hjá SSF.



Allsherjarnefnd II



Ný stjórn SSF.

Efri röð frá vinstri: Kristín Ósk Sigurjónsdóttir, Hörður Jens Guðmundsson, Jóhann Arnarson, Karlotta Ósk Óskarsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Bára Björk Ingibergsdóttir, Oddur Sigurðsson, Ari Skúlason, Guðný S. Magnúsdóttir. Á myndina vantar Jóhönnu M. Jónsdóttur.

KJARASAMNINGAR SSF OG BANKANNA (SA) 1.11.2022–31.01.2024



Þann 23. janúar 2023 skrifuðu samninganefndir SSF og viðsemjenda þeirra undir skammtíma kjarasamninga með 15 mánaða gildistíma, þ.e. frá 1.11.2022 til og með 31.01.2024.

Nýr kjarasamningur tók við frá þeim degi sem eldri kjarasamningur SSF rann út, þ.e. 1. nóvember 2022. Um samningaferlið má lesa nánar í leiðara formanns SSF, Ara Skúlasonar.

Þátttakan í atkvæðagreiðslunni um kjarasamninginn var frábær eins og alltaf hjá félagsmönnum SSF, þ.e. 82,2% tóku þátt (2931). Já sögðu 53,5%, nei sögðu 43,26% og hlutlausir 3,24%.

Hún er því augljós óánægjan með þessa afar-kosti bankanna, sem stýrt var af samtökum þeirra Samtökum atvinnulífsins (SA) og Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF).

Frábær þátttaka félagsmanna SSF og mikil samstaða, sem m.a. kom vel fram á 1200 manna Teams-fundum með formanni SSF, verður mikilvægasta veganestið inn í kjarasamningana í byrjun næsta árs.

Ef aukin harka er nauðsynleg í þessum samskiptum þá er augljóst að mikill meirihluti félagsmanna SSF er tilbúinn í þau verkefni og munu standa þétt að baki samninganefndar SSF í næstu kjaraviðræðum.

Innihald í þessum skammtíma kjarasamningi var ekki mikið eins og hér má sjá, en eingöngu var samið um launalið kjarasamnings:

Mánaðarlaun hækka um 6,75% frá og með 1.11.2022, þó að hámarki 66.000 krónur á mánuði.

- Desemberuppbót 2023 verður 103.000 krónur og orlofsuppbót 1.5.2023 verður 56.000 krónur.
- Fæðingarstyrkur hækkar í kr. 90.439 frá 1. nóvember 2022
- Hagvaxtarauki (ca 8.000-10.000 kr.), sem áætlaður var 1.5.2023 er innifalinn í 6,75% hækkun launa.
- Lágmarkslaun tiltekinna starfsheita hækka einnig um 6,75%, en starfsheiti gjaldkera og fulltrúa hækka aðeins meira eða um 7,2%.

Lágmarkslaun sérfræðinga innan SSF (lang fjölmennasti hópur félagsmanna SSF) eru nú 646.370 krónur á mánuði.

Samninganefnd og stjórn SSF hefur þegar hafið undirbúning fyrir næstu samningalotu.

Mikilvægast af öllu er að stilla saman strengi félagsmanna SSF og samhæfa alla baráttu fyrir sjálfstæðum rétti félagsins til þess að ræða sín eigin mál og gerð kjarasamninga sem nýtast starfsmönnum fjármálafyrirtækjanna sem best.

Það verður gert með fundum (m.a. á Teams með öllum félagsmönnum, formannafundum og trúnaðarmannafundum), samtölum á hverjum vinnustað og útgáfu af margs konar skýringarferni um þróun launa félagsmanna SSF frá 2019.

Friðbert Traustason, framkvæmdastjóri SSF.

Í FORYSTU Á UMBREYTINGATÍMUM



Við setjumst niður á skrifstofu Friðberts Traustasonar, framkvæmdastjóra Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF), sem hætti sem formaður SSF á síðasta þingi samtakanna eftir áratuga baráttu í forystu samtakanna.

Við ræðum við Friðbert um farinn veg, kjarabaráttuna og framtíð SSF.

VESTFIRSKAR ÆSKUSLÓÐIR

Ákveðinn ljómi færast yfir Friðbert þegar hann er spurður út í æskuna og Vestfirði þar sem hann sleit barnsskónum. Hann hugsar hlýtt til heimaslóðanna en Friðbert er fæddur árið 1954 á Flateyri þar sem hann sótti grunnskóla fram að skólagöngu í Héraðsskólanum á Núpi þaðan sem hann kláraði landspróf árið 1970. „Ég er fæddur í heimahúsi á Flateyri. Frelsið sem fylgir því að vera alinn upp fyrir vestan gerði mikið fyrir mig og ég undi mér vel. Ég var sendur í sveit öll sumur frá 7 til 11 ára aldurs í Önundarfirði (Bethanía) og Dýrafirði (Hvammur).“

Það má með sanni segja að Friðbert hafi ungur að árum byrjað að vinna eins og almennt tíðkaðist á þeim tíma. Með skólagöngu sinni í Héraðsskólanum á Núpi sótti Friðbert sjóinn yfir sumartímann og fór 13 ára á skak og gerðist svo háseti á dagróðrabát. Hann hélt áfram sjómennskunni eftir að hann fór í Menntaskólann á Ísafirði (MÍ) en hann var hluti af fyrsta árgangi skólans. Sjómennskan fyrir vestan er Friðbert hugleikin. Frá 16 ára aldri fór Friðbert í Norðursjó á síldveiðar í fjögurra mánaða úthald, stundaði um tíma veiðar á grálúðu við Kolbeinsey og fór á skuttogara. Á veturna var hann í löndunargengi sem landaði úr togurunum samhliða námi. „Það var gaman og lærdómsríkt að vera í sjómennsku allt frá 13 ára aldri með hörku-sjómönum sem voru dugnaðarfókar. Það kom sér vel að hafa verið vinnumaður í sveit frá unga aldri og ég var því vanur vinnu en það var enginn afsláttur gefinn

í sjómennskunni þrátt fyrir ungan aldur. Mér finnst ég búa að þessari reynslu enn þann dag í dag“.

FÉKK UNÐANÞÁGU FYRIR GIFTINGU

Friðbert tilheyrir fyrsta útskriftarárgangi MÍ sem útskrifaðist árið 1974.

Þaðan lá leiðin suður til Reykjavíkur í frekara nám en áður en það ferðalag hófst ákváðu þau Friðbert og Sigrún Ósk að gifta sig fyrir vestan. Einn hængur var þó á, því Friðbert var einungis 19 ára og lögum samkvæmt var ekki hægt að gefa þau saman. Það leystist þó farsælega þar sem þau fengu heimild með undanþágu frá lögum og giftu þau sig í Ísa-fjarðarkirkju. Þau fluttu svo suður í nám, Sigrún fór í lyfjatækninám og Friðbert hóf nám í verkfræði.

Eftir tvö ár í verkfræðinni ákváðu þau hjónin að kaupa íbúð í Reykjavík. Það reyndist stór ákvörðun þar sem það þrengdi mjög að fjárhagnum og varð til þess að Friðbert tók sér frí frá námi. Það frí dróst á langinn, alveg fram að árinu 1996 þegar Friðbert skráði sig í hagfræði í Háskóla Íslands. Í dag eiga Friðbert og Sigrún tvö börn, tengdabörn og 4 barnabörn, öll búsett í Grafarvogi og samgangurinn því mikill enda samheldin fjölskylda.

BANKAÞJÓNUSTA Á TÍMAMÓTUM

Upp úr 1970 hófst byltingarskeið í bankaþjónustu um allan heim. Tölvur hófu innreið sína og árið 1973 var Reiknistofa bankanna (RB) stofnuð. Ári síðar var skrifað undir samning um uppsetningu á fyrstu IBM tölvunni fyrir RB og upphófst mikið umrótaskeið. Á því tímabili, árið 1978, hóf Friðbert störf hjá RB og starfaði þar um langt skeið sem forritari og kerfisfræðingur. „Ég starfaði fyrst hjá RB í forritun og fór svo í kerfisfræðina. Ég hafði enga formlega menntun enda var enginn tölvuskóli eða nám í forritun eða kerfisfræði á þessum tíma. Við vorum stöðugt á námskeiðum á vegum IBM og vorum skóluð til mjög hratt.“



Friðbert með Jan Erik Lidström, framkvæmdastjóri NFU til 35 ára. Jan var sæmdur gullmerki á þingi SSF 2004.

Á þessum tíma var verið að gangsetja ýmis kerfi fyrir bankana. Vinna Friðberts fólst m.a. í því að þróa launakerfi og fleira og síðar á sviði kerfisfræðinnar fólst vinna hans m.a. í viðhaldi viðskiptakerfa bankanna.

Þórður B. Sigurðsson var forstjóri RB á þessum tíma, en hann lést þann 6. október sl. „Hann hélt mjög vel utan um hópinn. Við vorum sem ein fjölskylda og hann passaði vel upp á starfsmennina og sá til þess að við vorum opin gagnvart þeirri framþróun sem var að eiga sér stað“.

KJARAMÁLIN

Það var svo árið 1995 sem Friðbert tók við formennsku á þingi SÍB (nú SSF) á Kirkjubæjarklaustri. Samtökin höfðu siglt nokkuð lygnan sjó, fyrir utan fjöldauppsagnir í Lí 1993. Friðbert tók við formennsku af Önnu G. Ívarsdóttur, fyrsta kjörna kvenkyns formanni SÍB, en hafði starfað með henni sem varaformaður í nokkur ár áður en hann tók við. „Ég átti von á því að hún myndi halda áfram og batt vonir við það. Hún var mjög öflug í réttindabaráttunni, mikil hugsjónakona sem var leiðandi og stýrði samtökunum inn á nýjar brautir jafnréttisbárattu. Ég lærði mikið af henni og vann mjög náið með henni, Hinriki Greipssyni, Yngva Erni Kristinssyni og Sveini Sveinssyni að ýmsum mikilvægum framfaramálum. Við unnum m.a. saman að mikilvægu baráttumáli okkar félagsmanna en það var barátta fyrir því að sömu lífeyrisréttindi myndu gilda fyrir starfsmenn einkabanka og ríkisbanka. Sú barátta fór alla leið fyrir Félagsdóm og vannst þar að lokum“ segir Friðbert sem er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til að vinna með fyrrverandi forystu SSF fyrstu árin sín sem formaður og síðar jafnframt sem framkvæmdastjóri.

„Ég hef verið afar heppinn með samstarfsfólk í stjórn SSF og á skrifstofu SSF öll þessi ár. Hér er og hefur verið frábært félagsmálafólk sem unnið hefur einhuga að kjara- og hagsmunamálum félagsmanna SSF.“

Á þessum tíma var Friðbert kominn í nám á nýjan leik meðfram vinnu hjá RB. Hann kláraði BS í hagfræði árið 2001 og var þá jafnframt orðinn framkvæmdastjóri SÍB, samhliða formennsku, en hann tók við stöðu framkvæmdastjóra árið 2000. „Það er í raun þessi áhugi á kjaramálum sem ýtir mér í hagfræðina frekar en viðskiptafræði og þá sérstaklega þjóðhagfræði“.

Friðbert hefur setið í fjölmörgum nefndum og ráðum þessi ár, m.a. í stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna í 20 ár (lengst af sem formaður), formaður Landssamtaka lífeyrissjóða í 3 ár (13 ár í stjórn) og fleira sem snýr að félagsstörfum í þágu félagsmanna SSF. Hann var einnig virkur þátttakandi í erlendu samstarfi, m.a. í stjórn Norrænna bankamanna (NFU). „Ég hef lifað og hræst í félagsmálum frá því ég man eftir mér. Starfaði í skátunum, ungmennafélaginu, starfsmannafélögum, íþróttafélögum, stéttarfélagum o.fl. Ég var einnig virkur í íþróttastarfi og keppti í mörg ár í blaki, m.a. 15 ár í efstu deild.“

STYSTA VERK FALL SÖGUNNAR

Aðspurður um eftirminnilega baráttu og áfangasigra er margt sem kemur upp í huga Friðberts. Skrifstofa hans er vel skjöluð og allt aðgengilegt varðandi ýmis kjara- og baráttumál samtakanna. Það eru margar vörður á leiðinni, sem lang flestar snúast um að vernda og bæta kjör og réttindi félagsmanna, en einnig áföll vegna uppsagna félagsmanna og fækkun þeirra sem hafði fjölgað mjög hratt á árunum 2000 - 2005.

Árið 1991 er barátta við nýstofnaðan Íslandsbanka. Bankinn fór í mál við SÍB vegna lífeyrisréttinda, sem SÍB vann að lokum og tryggði þannig umtalsverð aukin réttindi allra félagsmanna. Á þeim tíma og fram að 1994 var þjóðarsátt um engar launahækkanir í landinu og því voru samningarnir árið 1995 mjög mikilvægir. Það sama ár hófust svo óformlegar viðræður og undirbúningur að hlutfjár væðingu ríkisbankanna.

Þegar Friðbert tók við forystu hjá SÍB var eitt af hans helstu áherslumálum að semja í kjarasamningum um Styrktar- og Menntunarsjóð, en þeir voru ekki til þegar hann tók við formennsku árið 1995. Það tókst með 4 klukkustunda verkfalli árið 1997, en í þeirri baráttu varð Styrktarsjóðurinn til. „Við vildum alls ekki gefa þá baráttu eftir en þetta þóttu of mikil réttindi til viðbótar við veikindaréttinn



Friðbert í ræðupólti á SÍB-þingi með fánann í bakgrunni.

og við mættum mikilli hörku. Verkfallsboðun var það eina sem kom til greina en Björgvin Vilmundarson og Steingrímur Hermannsson klipptu á þann hnút með því að rétta okkur sáttahönd og töluðu okkar máli. Það varð til þess að verkfallið varði ekki lengur.“

Friðbert hefur oft velt því fyrir sér hvort ástæða hafi verið til að beita verkfallsvopninu í meiri mæli og fannst það koma vel til álita í tengslum við lífskjarasamninginn. „Sá samningur skilaði okkar félagsmönnum ekki miklu í prósentuhækkun. Krónutöluhækkarnir gagnast félagsmönnum SSF mjög takmarkað og ekki nema allra lægst launuðu félagsmönnum sem er minnihluti félagsmanna.“

BARÁTTAN FYRIR SJÓÐUNUM

Friðbert telur að tilkoma Styrktarsjóðs sé mikilvægasta hagsmunamál sem SSF (þá SÍB) hefur náð fram fyrir utan umsamdar launahækkarnir sem oft voru umtalsverðar. „Það var mun minni barátta að koma Menntunarsjóðnum á laggirnar, hafðist með minni fyrirhöfn í kjarasamningunum 1999. Verkfallið vegna Styrktarsjóðsins var án efa enn í fersku minni og hafði áhrif.“ Frá þessum tíma hafa sjóðirnir úthlutað um 6 milljörðum (að núvirði) í styrki til félagsmanna. Allt fjármagnað með framlögum fyrirtækjanna.

HLUTAFÉLAGAVÆÐING BANKANNA

Árið 1997 var boðað til fundar um hlutafélagavæðingu ríkisbankanna. „Þessi umræða var búin að eiga sér stað á Alþingi en ekki með þeim hætti að það væri von á frumvarpi á þeim tímapunkti, tímapunkturinn kom okkur því á óvart. Fyrstu viðbrögðin

voru kvíði og ótti en mikil óvissa ríkti um réttindi og kjör félagsmanna, hvaða stéttarfélagi þeir myndu tilheyra og einnig gagnvart áunnum lífeyrisréttindum. Við lögðum heilmikla vinnu í að undirbúa okkur fyrir komandi viðræður um hlutafélagavæðingu.“ Friðbert segir að það hafi verið mikill baráttuhugur í félaginu og félagsmönnum, allir gerðu sér grein fyrir því að það þyrfti að standa vörð um réttindi, kjör og lífeyrismál félagsmanna.

„Ég átti snemma í ferlinu fund með Geir H. Haarde, þáverandi þingmanni, um að starfsfólki yrðu tryggð öll áunnin réttindi. Hann sýndi okkar sjónarmiðum mikinn skilning og sá hagsmuni fölgna í því fyrir alla að starfsfólk yrði áfram í einu og sama stéttarfélaginu, SÍB.“ Eftir marga fundi í viðskiptaráðuneytinu var frumvarpinu breytt og það aðlagð að hugmyndum stéttarfélagsins. Það eina sem stóð út af var biðlaunarétturinn en síðar átti eftir að reyna á hann fyrir dómstólum. Það mál vannst í héraðsdómi en var snúið við í Hæstarétti á þeim forsendum að starfsfólk væri ekki lengur starfsmenn ríkisins þó svo að bankarnir væru enn í eigu ríkisins. Í kjölfar einkavæðingar hófst svo aftur mikil barátta um að halda samningsréttinum fyrir bankamenn í SÍB, sem tókst með undirritun samkomulags í október 2004.

Í KJÖLFAR EINKAVÆÐINGAR

Árið 2000 hófst sala á hlut ríkisins í ríkisbönkunum. Í kjölfarið varð mikill vöxtur hjá viðskiptabönkunum og starfsmönnum fjölgaði í fjármálafrirtækjum samhliða aukinni tæknivæðingu. Frá árinu 2002 til ársins 2007 fjölgaði félagsmönnum SSF úr 3500 í 5700 félagsmenn, sem verður að teljast ansi mikil fjölgun á skömmum tíma. „**Þetta reyndi á starfsemi SSF. Við reyndum að halda utan um**

fjölgunina og móttöku nýrra félagsmanna og veittum ráðgjöf vegna ráðningasamninga. Á þessum tíma var mikið um gerð persónubundinna ráðningarsamninga, fastlaunasamninga, sem við reyndum að sporna við þar sem greiðsla yfirvinnu var felld niður“ segir Friðbert. Þrátt fyrir mikla fjölgun félagsmanna og aukin verkefni á skrifstofu SSF fjölgaði ekki í starfshópnum á skrifstofu SSF. Friðbert segist áður hafa séð miklar sveiflur, þó svo að þessi hafi verið fordæmalaus, og ákveðið að fjölga ekki en kaupa frekar utanaðkomandi ráðgjafþjónustu í auknum mæli.

HRUN

Fyrsti skellur fjármálahrunsins kom í apríl 2008. „Auðvitað var það mikill skellur þó svo að blikur hefðu verið á lofti“ en tilkynning barst frá Glitni um uppsögn 100 starfsmanna. „Okkur var tjáð að um einangrað tilfelli væri að ræða og ekki vísir að því sem koma skyldi. Ég hafði mínar efasemdir og heilmiklar áhyggjur þó svo að ég hefði alls ekki séð það fyrir að hrunið yrði í þeim stærðarflokki sem raungerðist“.

Þann 2. október 2008 þurfti Friðbert að koma heim úr ferðalagi með tengdforeldrum sínum á Spáni. Ástæðan var fundur með starfsmannastjórum stóru viðskiptabankanna og lögfræðistofu á vegum Fjármálaeftirlitsins. Fyrir hönd SSF mættu til fundarins ásamt Friðbert; Helga Jónsdóttir, 1. varaformaður SSF, og Sveinn Sveinsson, lögfræðingur. „Við sátum á fundum dögum saman til að ná utan um verkefnið framundan sem virtist tröllvaxið. Að lokum voru lagðir fram listar yfir þann fjölda sem til stóð að segja upp störfum, var það upphaflega vel yfir 1.000 manns hjá bönkunum. Hjá okkur snerist



Friðbert og Anna Karen Hauksdóttir varaformaður SSF frá 2007-2019 afhenda Ernu Magnúsdóttur forstöðukonu Ljóssins líkamsræktartæki í tilefni 80 ára afmælis SSF.



Næsta verkefni er golfið.

vinnan um að vernda viðkvæma hópa, tryggja réttindi félagsmanna og gæta hagsmuna félagsins og félagsmanna. Að lokum var 700 manns sagt upp í hópuppsögn og var það lang stærsta hópuppsögn landsins.“ Árið 2009 bættust svo sparisjóðirnir í hópinn, m.a. lokun SPRON.

Friðbert segir að það hafi verið ánægjulegt á þessum erfiðu tímum að finna samtakamáttinn og samheldnina í samtökunum. Starfsfólk skrifstofu SSF, stjórn, formenn aðildarféлага og margir trúnaðarmenn unnu baki brotnu við að halda starfsemi samtakanna gangandi og sinna þeim fjölda félagsmanna sem stóðu í miðjum ólgusjónum. Sigurður Albert Ármannsson og Jónína Pálsdóttir unnu þá á skrifstofunni ásamt Friðbert og sinntu ráðgjöf vegna uppsagna, sinntu upplýsingagjöf til félagsmanna og voru í góðu sambandi við þá félagsmenn sem voru að glíma við eftirköst og afleiðingar uppsagna og fylgdu þeim eftir. „Ég held að enginn hafi fyllilega gert sér grein fyrir hversu mikið þrekvirki starfsfólk SSF vann við mjög erfiðar aðstæður. Eftir á að hyggja hefðum við átt að huga að áfallahjálp fyrir okkar starfsfólk og trúnaðarmenn SSF. Við hugsuðum vel um okkar félagsmenn en gleymdum okkur sjálfum en þau sem fóru



Við undirskrift kjarasamninga árið 2001. Frá vinstri Helga Jónsdóttir, 1. varaformaður SÍB, Friðbert Traustason, formaður SÍB, Ásmundur Stefánsson, formaður samninganefndar bankanna og Sigurjón Árnason, varaformaður samninganefndar bankanna.

verst út úr þessum hörmungum voru auðvitað þeir starfsmenn sem misstu vinnuna, sum hver eftir áratuga starf hjá bönkunum. Þetta voru átakanleg ár og það var ekkert sjálfgefið að félagið og við stæðum upp rétt eftir þetta” segir Friðbert.

Eftir þennan og stormasama tíma í starfsemi SSF tók við tímabil sem einkenndist af afleiðingum hrunsins. Viðvarandi fækkun félagsmanna var frá árinu 2008 til ársloka 2020 en á þeim tíma hafði félagsmönnum fækkað um 33%. „Á þessum tíma einbeittum við okkur að því að veita fræðslu og aðstoð til félagsmanna. Við eflum trúnaðarmannfræðsluna talsvert, bættum í upplýsingamiðlun, jukum við sálfræði-, lögfræði- og aðra sérfræðiaðstoð til félagsmanna auk þess sem við höldum að sjálfsögðu áfram í kjarabaráttu” segir Friðbert.

HVERGI NÆRRI HÆTTUR

Nú í kjölfar formannsskipta hjá SSF liggur það beinast við að spyrja Friðbert út í framtíðina og hvað veldur því að hann stígi til hliðar á þessum tímapunkti. „Álag til langs tíma og margvísleg þróun og verkefni gera það að verkum að það var kominn tími á að aðrir tækju við keflinu. Ég hef alls ekki misst áhugann né þrótt.” Ég horfi til mikilvægi þess að innleiða meiri nýliðun og tryggja meiri breidd í okkar starfi vegna áskorana í réttindabaráttu okkar og kjarasamningumhverfinu. Ég er alls ekki hættur þó svo að ég sé ekki lengur formaður SSF. Míni starfskraftar eru enn í boði á meðan eftirspurn er til staðar” segir Friðbert.

Þó Friðbert sé orðinn 68 ára þá hefur hann enga löngun til að hætta alveg störfum á vinnumarkaði „67 ára reglan sem bankarnir hafa vísað til er fáránleg og löngu úrelt. Staðan á vinnumarkaði er gjörbreytt enda eru liðin 30 ár frá því reglan var innleidd og okkur vantar fólk á vinnumarkaðinn. Staðan er einnig breytt gagnvart réttindum, þekkingu, menntun, líkamlegum burðum og heilsufari. Við erum að henda mikilvægum mannauði út af markaðnum vegna aldursfordóma og þetta verður að breytast, það er þjóðhagslega mikilvægt.” Að lokum segir Friðbert að það sé nauðsynlegt að brúa bilið á milli kynslóða og efla þekkingu og félagslega færni. „Allar kynslóðir hafa fjölmargt fram að færa og við þurfum að efla hvort annað með því að deila þekkingu og reynslu” segir Friðbert sem getur vel hugsað sér að halda áfram að sinna kjaramálum sem ráðgjafi við gerð kjarasamninga, í lífeyrismálum og réttindum og skyldum á vinnumarkaði.


MÍNAR SÍÐUR - ÞITT SVÆÐI

Kynntu þér Mínar síður. Allt á einum stað. Þær einfalda umsóknir og veita þér upplýsingar um stöðu styrktarumsókna.

TRÚNAÐARMANNA- OG FORMANNAFUNDIR

Fræðsla trúnaðarmanna hefur verið mikilvægur þáttur í starfsemi SSF alla tíð. Covid hefur hinsvegar gert félaginu erfitt fyrir á undanförunum árum, en lögð er áherslu á að hittast á þessum námskeiðum, þar sem mikilvægt er að hitta mann og annan og kynnst betur. Þrátt fyrir covid hefur þó tekist að halda tvö námskeið á árunum 2021-2022 fyrir rúmlega 40 trúnaðarmenn, rafrænan formannafund og formannafund þar sem stjórn SSF hitti fyrir stóran hóp formanna og trúnaðarmanna í Hveragerði. Á trúnaðarmannafundum er jafnan farið í gegnum skipulag og starfsemi skrifstofu, vinnumarkaðinn og SSF, hlutverk trúnaðarmannsins, kjaramál og margt fleira.

Formannafundir eru og mjög mikilvægir en þá fundi sækja formenn aðildarféлага og reyndir trúnaðarmenn sem sótt hafa námskeið á vegum SSF. Góð þátttaka var á rafrænum "teams" fundi sem haldinn var í janúar 2022, þar sem kynnt var vinna stjórnar SSF að stefnumótun sem svo var lögð fram til umræðu og samþykktar á þingi sama ár. Seinni formannafundurinn var haldinn gagngert til að setja saman stefnu fyrir komandi kjarasamninga, en um kjarasamninga má lesa annarsstaðar í blaðinu. Hér á eftir fara nokkrar myndir frá þessum viðburðum.



LÍFEYRISMÁLIN SKIPTA OKKUR ÖLL MÁLI



Lífeyrismál og lífeyrisréttindi er eitthvað sem flestir átta sig á að skipta miklu máli, en engu að síður er oft lítil áhugi á því framan af ævinni að sökkva sér niður í þau, áhuginn kemur oft ekki fyrr en það hillir í að starfsferli ljúki. Gróft séð má skipta æviskeiði fólks í þrjú skeið, skólaárin, vinnuárin og eftirlaunaárin. Skóla- og vinnuárin hafa haft nokkuð stöðuga lengd í langan tíma, en árunum eftir að starfsferli lýkur er sífellt að fjölga. Við erum ein af þeim þjóðum sem búum við lífeyriskerfi sem samið var um á vinnumarkaði þar sem við spörum alla starfsævina og geymum til síðasta skeiðsins, eftirlaunaáranna. Sparnaðurinn er síðan geymdur og ávaxtaður í lífeyrissjóðum sem við eigum.

Lífeyrissjóðirnir eru eign sjóðfélaga, sem er nokkuð sem stjórnvöld og einstaka lukkuriddarar gleyma. Tilgangur lífeyrissjóðanna er í rauninni bara einn, að geyma sparnað sjóðfélaga og ávaxta hann eins vel og kostur er og síðan greiða hann út eftir að starfstíma lýkur. Lífeyrissjóðir hafa í raun ekki leyfi til neins annars.

Á síðustu misserum hafa lífeyrissjóðirnir staðið frammi fyrir tveimur stórum áskorunum sem hafa sett svip sinn á umræðuna. Í fyrsta lagi þeirri staðreynd að ævi fólks er sífellt að lengjast og í öðru lagi nýlegum áformum ríkissjóðs að ganga á eignir sjóðanna vegna stöðu ÍL-sjóðs.

LENGRI ÆVI OG RÉTTINDAÁVINNINGUR

Vegna lengingar ævinnar hafa margir lífeyrissjóðir lent í þeirri stöðu að eignir samtryggingadeilda eru orðnar lægri en heildarskuldbindingar þeirra. Í þessu sambandi er stundum talað um halla á framtíðarstöðu sem þýðir með öðrum orðum að sjóðirnir hafa lofað hærri lífeyrisgreiðslum en þeir geta staðið undir. Við vitum nú að meðalævi fólks mun lengjast með hækkandi fæðingarári og því munu lífeyrissjóðir að öðru jöfnu greiða lífeyri

lengur til þeirra sem yngri eru. Margir sjóðir hafa því tekið upp nýjar réttinda-töflur sem taka mið af aldri og fæðingarári sjóðfélaga. Þetta er talið nauðsynlegt til þess að uppsöfnun einstakra árganga sé nægileg til þess að hægt sé að tryggja þeim nægan lífeyri miðað við gefnar forsendur og að ekki sé hallað á einstaka aldursbil í þessu sambandi. Þessar breytingar, sem margir sjóðir hafa gert, og tóku t.d. gildi hjá Lífeyrissjóði bankamanna um síðustu áramót, hafa engin áhrif á þau réttindi sem áunnin eru og heldur ekki á lífeyri þeirra sem þegar hafa byrjað töku lífeyris. Þessar breytingar snúa því einungis að framtíðinni.

ÁFORM STJÓRNVALDA VEGNA STÖÐU ÍL-SJÓÐS

ÍL-sjóður, sem eru leifarnar af Íbúðalánasjóði, mun að öllu óbreyttu fara í þrot á næstu árum. Ástæðan er sú að skuldabréf sem Íbúðalánasjóður gaf út (Íbúðabréf) eru ekki uppgreiðanleg á sama tíma og útlán sjóðsins til íbúðakaupenda sem byggja á útgáfu skuldabréfanna sem hafa verið greidd upp í stórum stíl. Það hefur því myndast mikið ójafnvægi innan sjóðsins sem augljóslega stefnir í þrot. Sjóðurinn þarf því að greiða vexti til eigenda íbúðabréfanna allan líftíma bréfanna sem gefin voru út með ríkisábyrgð á sínum tíma.

Lífeyrissjóðirnir eiga mikið af þessum bréfum sem alltaf hafa verið talin örugg og góð ríkistryggð eign sem gefa af sér jafnar og góðar vaxtatekjur. Þessi bréf eru því draumaeign fyrir þá sem leita eftir góðum og jöfnum tekjum án mikillar áhættu.

Á síðasta ári hóf fjármálaráðherra máls á því að hann vildi breyta leikreglum í þessum skuldabréfaheimi, hann dró ríkisábyrgð í efa og lagði til að bréfin yrðu gerð upp á ákveðnum tímamarki þannig að klippt yrði á líftíma þeirra og vaxtatekjur framtíðarinnar. Það blasti við að það yrði mikið högg fyrir marga lífeyrissjóði færðu mál með þessum hætti. Ráðherra

bauð upp á samningaviðræður við sjóðina sem hafa hafnað öllum samningum á hans forsendum og ekki talið sig hafa heimildir til samninga af því tagi. Frá því að fjármálaráðherra hóf þessa umræðu má segja að gengið hafi á með lögfræðilítum, sérstaklega af hálfu lífeyrissjóðanna. Þessi umræða virðist hafa dofnað mikið undir lok síðasta árs og virðist ekki ólíklegt að hún muni líða undir lok á næstu mánuðum. Áform ráðherra hafa hins vegar haft mikil neikvæð áhrif á skuldabréfamarkað, seljanleika og markaðsvirði þessara bréfa og sú staða mun ekki lagast fyrr en óvissu um frekari áform stjórnvalda í þessum efnun hefur verið eytt.

7% SÉREIGNIN KOM EKKI AF HIMNUM OFAN

Lífeyrisréttindi hafa fengist með áratuga baráttu og hafa samtök bankamanna oftast en ekki haft ákveðna forystu í þeim málum. Sagan er löng og oft flókin. Bankamenn hafa t.d. lengi búið við sérstakt 7% framlag atvinnurekenda í séreign. Þau réttindi komu ekki af sjálfu sér og er ekki úr vegi að rifja þá sögu upp með einfaldri útgáfu af ferlinu.

Í lok síðustu aldar var staða lífeyrismála bankamanna sú að hver banki fyrir sig og önnur fyrirtæki innan kjarasviðs SSF voru með 100% bakábyrgð, sem tryggði starfsmönnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðanna, óháð ávöxtun þeirra og afkomu. Fyrirtækin gerðu síðan grein fyrir þessari bakábyrgð í ársreikningum ár hvert, eða lögðu í sérstakan sjóð. Lífeyrissjóðirnir greiddu lífeyrinn út og sendu síðan kröfu á fyrirtækin í lok hvers árs. Að jafnaði kom 60% af lífeyrinum frá sjóðnum sjálfum, en það sem vantaði upp á kom frá viðkomandi banka. Árið 1997 kom fram ákveðinn vilji bankanna um að semja sig frá bakábyrgð lífeyrisréttinda og fleiri réttindum, m.a. vegna þess að erfitt yrði að setja fyrirtæki á hlutabréfamarkað með slíkum skuldbindingum.

Hér er farið nokkuð hratt yfir langa og flókna sögu, en niðurstaðan varð að lokum sú að eftir þriggja ára starf hjá banka fengju starfsmenn 7% framlag frá bankanum í séreignarsjóð, til viðbótar 10% (6% frá launagreiðanda og 4% frá starfmanni) iðgjaldinu til samtryggingar. Samtals 17% iðgjald þar sem

bankinn greiðir 13% og starfsmaðurinn 4%. 7% séreignahlutinn var þannig mat á kostnaði bankanna við bakábyrgð, makalífeyri, 95 ára regluna og fleiri atriði sem áður voru fyrir hendi í almennum lífeyrisréttindum bankamanna. Það er nokkuð ljóst að starfsmenn fyrirtækjanna spöruðu þeim umtalsverða fjármuni með samningum á árunum 1994-1999. Verðmiðinn fyrir þann sparnað var 7% iðgjald í séreign.

Nú er staðan hins vegar orðin sú að 10% iðgjald í samtryggingu dugir ekki fyrir þeim réttindum sem margir sjóðir hafa lofað. Til þess að bæta úr þeirri stöðu er um þrjár leiðir að ræða, bæta ávöxtun, hækka iðgjald eða skerða þau réttindi sem lofað hefur verið. Á síðustu árum hefur vaxtastig verið sögulega lágt, sem hefur gert lífeyrissjóðunum erfitt fyrir. Fókusinn hefur því einkum beinst að hækkun iðgjaldsins og á það t.d. við um Lífeyrissjóð bankamanna og er þar horft til hækkunar iðgjalds til samtryggingar úr 10% í 12%.

Sérstaða félagsmanna SSF að skipta iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda nokkuð jafnt, 10% í samtryggingu og allt að 13% (7+2+4) í séreign er heilög og eitt af bestu ákvæðum í kjarasamningi SSF. Það kemur því aldrei til greina að skerða 7%-in til að bæta í iðgjöld í samtryggingarlífeyri. Barátta félagsmanna SSF mun öll snúast um að bankarnir og önnur fyrirtæki innan kjarasamnings SSF hækki framlag sitt í samtryggingu úr 6 í 8%.

Á síðasta ársfundi Lífeyrissjóðs bankamanna var slík hækkun iðgjalds samþykkt, vitandi að tryggingarfræðingur sjóðsins taldi hana nauðsynlega. Aðildarfyrirtæki sjóðsins felldu tillöguna og bentu á að slíka breytingu ætti að gera í kjarasamningi. SSF eyddi nær öllum janúarmánuði í Karphúsinu við að reyna að ná fram kjarasamningi. Þar var ein meginkrafan hækkun iðgjalds launagreiðenda úr 6% í 8%. Þeirri kröfu var algerlega hafnað af bönkunum. Kröfunni verður auðvitað haldið til haga og mun hún koma upp aftur í næstu samningaviðræðum nema bankarnir sjái að sér og fáist til að finna lausn á málinu áður en til þeirra viðræðna kemur.



ÁTAKSVERKEFNI MENNTUNARSJÓÐS SSF HELDUR ÁFRAM

Á 47. þingi SSF árið 2019 var samþykkt að fara í átaksverkefni sem standa skyldi að minnsta kosti í 3 ár, frá og með sumarönn 2019. Ákveðið var að hækka endurgreiðsluhlutfall úr 50% í 80% og hækka þakið úr kr. 150.000 í kr. 175.000. Tilgangur verkefnisins miðaði að því að opna tækifæri fyrir félaga innan SSF að bæta við sig þekkingu annað hvort tengda vinnunni, eða bara til að læra eitthvað allt annað og vera þar með betur í stakk búinir til að takast á við ný verkefni í því umhverfi sem félagsfólk SSF vinnur og býr við í dag.

Verkefnið hefur tekist afar vel og er óhætt að segja að inn á borð Menntunarsjóðs hafa borist fjölbreyttar umsóknir. Félagfólk SSF er að taka hefðbundið háskólanám með vinnu bæði í skólum héraendis og erlendis, og eru að læra smíðar, rafvirkjun, stjórnun, flug, bólstrun, ræðumennsku, leiðsögunám, meirapróf, pungapróf á báta og margt, margt fleira.

Þetta hefur auðvitað þýtt meiri útgjöld, en í dag greiða fyrirtækin 0,21% af launum hvers starfsmanns inn í Menntunarsjóð SSF. Árið 2021 þurfti að fá fjárframlag úr Grunnjóði SSF til að rétta



sjóðinn af. Það er því ljóst að þarna er sóknarfæri í kjarasamningum að sækja um hækkun framlags ef það á að vera hægt að halda þessu átaksverkefni áfram, en á síðasta þingi í mars 2022 var einmitt ályktað um sjóðinn, og hvatt til þess að halda áfram óbreyttri styrktarfráhæð.

Í sjóðinn geta þeir sótt um styrk sem greitt hafa í félagssjóð SSF undangengna 6 mánuði, ekki er gert upp á milli félagsmanna miðað við greiðsluflæði inn í félagið. Sumum kann að finnast það óréttlátt en rétt er að geta þess að framlagið í Menntunarsjóð kemur úr vasa vinnuveitenda en ekki úr vasa félagsfólks. Það ættu því allir að vera kátir með það að standa jafnfætis þegar kemur að möguleika á styrkjum úr sjóðum SSF. Að auki hefur Menntunarsjóður styrkt sumarstarfsfólk um kr. 30.000 og er ánægjulegt að geta styrkt unga fólk í sínu námi.

Nánari útskýringar á úthlutunarreglum sjóðsins má finna á heimasíðu SSF undir liðnum "Menntunarsjóður/Úthlutunarreglur", en sækja skal um rafrænt undir "Mínum síðum" á heimasíðunni.

SSF ER STERKUR BAKHJARL

MUNDU AÐ KYNNNA ÞÉR RÉTTINDI ÞÍN Í
STYRKAR- OG MENNTUNARSJÓÐI.

SUMARSTARFSMENN EIGA LÍKA RÉTT, T.D. 30.000 KR. Í MENNTUNARSJÓÐ
OG ÝMSA STYRKI ÚR STYRKARSJÓÐI Á MEÐAN ÞEIR ERU Í SUMARSTARFI.

ÞESS VEGNA ER BETRA AÐ VERA FÉLAGI Í SSF



Í ljósi frumvarps sem sjálfstæðismenn hafa lagt fram á Alþingi um breytingar á lögum um Stéttarfélög og vinnudeilur er rétt að árétta nánar og fjalla um þau réttindi og kjör sem félagsmenn verkalýðsfélaga tryggja sér með aðild að öflugum stéttarfélagi eins og Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF). Þeir sem standa utan stéttarfélaga hafa ekki þessi réttindi, styrki og aðstoð félaganna.

Stefna SSF er að halda félagsgjöldum eins lágum og unnt er, en veita alla þjónustu og aðstoð til félagsmanna eins og best gerist meðal stéttarfélaga á Íslandi. Félagsgjaldið er 0,7% af launum félagsmanna, en nú er hámarksgjald 4.600 krónur/mánuði. Þetta gjald, sem er eins og ein stór pizza kostar, veitir okkur félagsmönnum margvísleg réttindi, þjónustu og aðstoð þegar þörf er á.

Stéttarfélagið sér alfarið um gerð kjarasamnings og tryggir að öll fyrirtækin fari eftir þeim kjarasamningi og virði samninginn í hvívetna. Í kjarasamningum er samið um reglubundnar launahækkningar, lágmarks-laun starfsheita, fastlaunasamninga, afmælisgreiðslur, vinnutíma, neysluhlé, lífeyrisðgjöld, veikindarétt, orlof, tryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, uppsagnarfrest og reglur þar um og margt fleira.

Öll ákvæði kjarasamninga eru lágmarksréttindi og algjörlega bannað að skerða þau réttindi með nokkrum hætti hjá félagsmönnum SSF.

SSF rekur tvo öfluga sjóði, sem fjármagnaðir eru með framlögum fyrirtækjanna, framlögum sem samið er um í kjarasamningi SSF.

- Menntunarsjóður SSF greiðir hæstu menntunarsstyrki til félagsmanna SSF sem þekkjast á íslenskum vinnumarkaði, óháð launum félagsmanna.
- Styrktarsjóður SSF greiðir laun í allt að 6 mánuði ef félagsmenn lenda í langvarandi veikindum eftir að starfsmenn hafa lokið öllum veikindarétti hjá fyrirtækinu sem þeir starfa hjá. Styrktarsjóður SSF

greiðir einnig margs konar styrki til félagsmanna, m.a. skoðanir og forvarnir, meðferðir vegna stoðkerfisvandamála, hjálpartæki fyrir sjón og heyrn, sálfræðiaðstoð o.m. fleira.

Stéttarfélagið er þannig viss trygging fyrir félagsmenn, félag sem stendur að baki og styður starfsmenn allt frá ráðningu og þar til starfi lýkur.

- Félagið aðstoðar nýja starfsmenn sem ráða sig til starfa hjá aðildarfyrirtækjum að kjarasamningi SSF, fara yfir ráðningasamninga og veita upplýsingar m.a. um almenn launakjör.
- SSF gerir reglulegar launakannanir meðal félagsmanna til að auðvelda félagsmönnum að staðsetja sig í launarammanum miðað við menntun, reynslu, starfsheiti og starfssvið.
- Þátttaka félagsmanna í launkönnunum SSF er sú lang besta sem þekktist hér á landi, eða um og yfir 75% þátttaka.
- Þess vegna eru launakannanir SSF mjög marktækar og gefa rétta mynd af launakjörum félagsmanna hverju sinni

Síðast en ekki síst er öll sú aðstoð sem stéttarfélagið veitir félagsmönnum sínum endurgjaldslaus ef starfsmenn lenda í einhverskonar deilum eða vanda á sínum vinnustað.

SSF er með samning við lögmennt sem veita aðstoð varðandi lögfræðileg málefni, sálfræðistofur og vinnusálfræðinga fyrir alla sem lenda í áreiti eða árekstrum við yfirmenn eða samstarfsmenn.

Starfsmenn skrifstofu SSF hafa einnig mikla þekkingu og reynslu af flestum atvinnu- og kjaratengdum málum, ásamt lögfræðilegum álitaefnum varðandi vinnumarkaðinn.

Það er því afar mikilvægt fyrir alla starfsmenn fjármálafyrirtækja innan kjarasviðs SSF að vera félagsmenn hjá SSF og eiga aðgang að öllum kostunum, kjarabótum, réttindum, styrkjum og annarri aðstoð sem aðildin tryggir!



SAMTÖK
STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

SSF - LEIÐANDI STÉTTARFÉLAG

SSF er í forystu við gerð kjarasamninga sem tryggja góð réttindi og kjör félagsmanna. Stéttarfélag sem tryggir gott samstarf við atvinnurekendur, aðildarfélög og trúnaðarmenn með hag félagsmanna að leiðarljósi.

Launa- og viðhorfskannanir

Reglubundnar launakannanir með um 70-80% þátttöku félagsmanna, þar sem félagsmenn geta borið saman eigin laun við laun annarra í sambærilegu starfi. Sjá niðurstöður launakönnunar á heimasíðu SSF, www.ssf.is/útgáfa og einnig má finna launareiknivélina á www.ssf.is.

Lág félagsgjöld

Aðeins 0,7% af föstum launum upp að hámarksgjaldi (nú 4.600 kr.)

Ráðgjöf við félagsmenn

Upplýsingar um réttindi og skyldur og aðstoð við túlkun kjarasamninga. Stuðningur og lögfræðiaðstoð við þá sem þurfa aðstoð við starfslok eða vilja leita réttar síns vegna kjara- og réttindamála.

Þess vegna ættir þú að vera í SSF:

Lífeyrisréttindi

Hefðbundinn samtryggingarsjóður (6+4%) og 2+2% í séreignarsjóð. Að auki greiða atvinnurekendur strax 5,5% í séreignarsjóð sem hækkar í 7% eftir þriggja ára starf innan kjarasamnings SSF.

Veikindaréttur

Fjórir og hálfur til tólf mánuðir, eftir starfsaldri fyrir fastráðna starfsmenn. Einn mánuður á fullum launum og annar á 50% launum fyrir lausráðna.

Hærri laun í fæðingarorlofi og fjölskylduvænn vinnutími

Tryggir fastráðnum starfsmönnum í fæðingarorlofi full laun upp að hámarki fæðingarorlofssjóðs og almennt fjölskylduvænan vinnutíma hjá flestum félagsmönnum.

Líf- og slysatryggingar

Fastráðnir starfsmenn eru tryggðir allan sólarhringinn hvar sem er í heiminum.

Styrktarsjóður

Greiðir sjúkradagpeninga að loknum veikindarétti auk styrkja vegna forvarna, endurhæfingar og margt fleira.

Menntunarsjóður

Niðurgreiðir kostnað vegna náms allt að 80% af námsgjöldum fyrir allt einingametið nám og annað nám sem eykur hæfileika félagsmanna á vinnumarkaði.

Kynntu þér allt um starf SSF á heimasíðunni www.ssf.is